

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 27. febrúar 2019
UST201902-038/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulagsbreyting - Söfnun skólps, hreinsun og nýting á Hólasandi – Skútustaðahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

Í greinargerð kemur fram að skilgreint verður nýtt iðnaðarsvæði (382- I) þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir söfnun salernisskólps í lokaðan geymslutank á Hólasandi og nýtingu þess til uppgræðslu á sandinum. Auk þess kemur fram að á svæðinu verður um 2.000 m³ söfnunartankur fyrir svartvatn, bygging fyrir grófhreinsibúnað og aðra aðstöðu eftir þörfum, t.d. starfsmannaðstöðu, allt að 50 m². Hámarkshæð bygginga er 5 m.

Um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu gilda lög nr. 97/2004 dagsett 9. júní. Svæðið sem hér um ræðir er utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en innan vatnasviðs Mývatns og Laxár sbr. fylgiskjal II laganna. Þar segir m.a. í 4. gr.:

4.gr. Verndun vatnasviðs Mývatns og Laxár.

Forðast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gaðu vernd vatnsins og árinnar samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

Matskyldufyrirspurn – Vöktun

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti Skipulagsstofnun umsögn 21. júní 2018 og með viðbótarumsögn 9. júlí 2018 um ofangreinda framkvæmd, þar sem hún var tilkynningarskyld skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og vill stofnunin taka það fram að þau sjónarmið sem koma þar fram eiga ennþá við.

Í viðbótarumsögn Umhverfisstofnunar frá 9. júlí 2018 segir m.a.: „*Umhverfisstofnun telur í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið mikilvægt að farið verði af stað með vöktun á svæðinu sem gefi upplýsingar um útskoluð næringarefna. Þannig sé hægt að fylgjast*

með áhrifum og grípa til viðeigandi úrræða ef vöktun leiðir í ljós að næringarefni eða önnur mengunarefni séu að skila sér út í grunnvatn. Í ljósi þess að rannsóknir á útskolu næringarefna eru takmarkaðar hér á landi telur Umhverfisstofnun mikilvægt að farið verði í framkvæmdina með þeirri varfærni sem gert hefur verið ráð fyrir í gögnum og kynningum á fyrirhugaðri framkvæmd. Að því gefnu metur stofnunin ofangreinda framkvæmd, eins og henni er lýst í greinargerð og viðbótargögnum, ekki líklega til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“

Vöktun eftirlitsaðila

Í greinargerð undir kaflanum um vöktun kemur fram að eftirlit með mengunarþáttum sé á ábyrgð sveitarfélagsins í samstarfi við Landgræðsluna. Umhverfisstofnun bendir á að eins og kemur fram í kaflanum um leyfi sem framkvæmdin er háð, að um er að ræða starfsleyfisskylda framkvæmd en Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra er starfsleyfis-útgefandi sem setur kröfur m.a. um vöktun í starfsleyfi og sér til þess að þeim sé framfylgt. Í þeim sama kafla kemur fram kemur að Landgræðslan muni sjá um að rannsaka útskolu næringarefna og tekur stofnunin undir það.

Leyfi sem framkvæmdin er háð

Í greinargerð kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitir starfsleyfi, annars vegar fyrir söfnun svartvatns (framkvæmd í höndum verktaða), og hins vegar fyrir rekstur geymslutanks. Umhverfisstofnun bendir á að fjallað er um leyfisveitingar í 5.2 gr. reglugerðar um meðhöndlun seyru nr. 799/1999 og telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í greinargerð.

Vöktun á þungmálum

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að þungmálar í seyrunni séu vaktaðir skv. 11.gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, en í greininni er fjallað um styrk og uppsöfnun þungmálma og magn seyru, en þar segir m.a: „*Styrkur þungmálma í jarðvegi sem seyra er borin á skal vera í samræmi við mörk í I. viðauka A, styrkur þungmálma í seyru skal vera í samræmi við mörk í I. viðauka B, og hámarksagn þungmálma sem heimilt er að dreifa á ári á ræktað land skal vera í samræmi við mörk í I. viðauka C.*“

Olía

Umhverfisstofnun bendir á að ef gert er ráð fyrir í tillögunni fyrir tímabundinni aðstöðu fyrir lausageyma fyrir olíu vegna áfyllinga á vélar og tæki, telur stofnunin mikilvægt að tekið sé fram í greinargerð tillögunnar að farið verði eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur